

Þá ber og að staðfesta löghald það, er stefnandi lét leggja á óútborgað vátryggingarfé v/b „Gizurar hvíta“ hinn 15. marz 1954 hjá Samvinnutryggingum, hér í bæ, eign stefnda, til tryggingar dómkröfunum.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreint löghald staðfestist.

Stefndi, Baldur Guðmundsson, greiði stefnanda, Jens Árnasyni, kr. 18.185.32 með 6% ársvöxtum frá 20. marz 1954 til greiðsludags og kr. 2.100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. nóvember 1956.

Nr. 136/1956. Sigurbjörn Magnússon

gegn

Kaupfélagi Austur-Skagfirðinga

og

Kristjáni Hallssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Línal.

Kærumál. Heitfesting vitnis.

Dómur Hæstaréttar.

Stefán Sigurðsson, fulltrúi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið til Hæstaréttar með kæru 6. október 1956 úrskurði aukadómpings Skagafjarðarsýslu, upp kveðnum 2. s. m. Barst kæran Hæstarétti 23. október 1956. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðilja Kristjáni Hallssyni verði synjað um að heitfesta framburð sinn. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja Kaupfélags Austur-Skagfirðinga.

Af hálfu varnaraðilja Kaupfélags Austur-Skagfirðinga er krafizt staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja Kaupfélagi Austur-Skagfirðinga kærumálskostnað, kr. 400.00.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sigurbjörn Magnússon, greiði varnaraðilja Kaupfélagi Austur-Skagfirðinga kærumálskostnað, kr. 400.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómþings Skagafjarðarsýslu 2. október 1956.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 25. f. m., hefur Kaupfélag Austur-Skagfirðinga í Hofsósi höfðað fyrir aukarétti Skagafjarðarsýslu með stefnu, út gefinni 16. júní s.l., gegn Sigurbirni Magnússyni, rafvirkja í Hofsósi, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 40.000.00, auk 6% ársvaxta af kr. 120.350.45 frá 1. janúar 1955 til 19. febrúar sama árs, af kr. 90.350.45 frá þeim degi til 21. marz sama árs, af kr. 60.350.45 frá þeim degi til 20. maí 1955 og af kr. 40.000.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu gegn greiðslu á kr. 2282.28 án vaxta og málskostnaðar, enda verði stefnandi dæmdur til greiðslu alls málskostnaðar að skaðlausu.

Mál þetta snýst um sölu stefnanda á rafmagnslagnavörulager, er stefnandi seldi stefnda um áramót 1953–1954. Samið hafði verið um það munnlega milli páverandi framkvæmdastjóra stefnanda, Kristjáns Hallssonar, og stefnda, að salan skyldi miðuð við kostnaðarverð lagersins, en um það er deilt, hvort það verð, sem stefnandi leggur til grundvallar kröfum sínum, hafi verið kostnaðarverð lagersins, og telur stefndi, að stefnandi hafi miðað við smásöluverð hans. Þá er og um það deilt, við hvaða vörutal lagersins beri að miða, vörutal hans í árslok 1951 eða vörutal hans í árslok 1953.

Kristján Hallsson, framkvæmdastjóri Kaupfélags Stykkishólms, sem var framkvæmdastjóri stefnanda á þeim tíma, er viðskipti

pau, er málið er risið af, fóru fram, en lét af því starfi 1. maí 1955, var leiddur vitni í málinu 25. f. m. og segir í vitnaskýrslu sinni, að samkomulag hafi orðið milli sín og stefnda, að miða verð hins selda vörulagers við jöfnuð „Efnisreiknings rafstöðvar“ 1/1 1954, þ. e. jöfnuð reiknings lagersins í efnahagsbók stefnanda 1/1 1954, sem hafi verið nánast kostnaðarverð vörulagers þess, sem seldur var, að fjárhæð kr. 102.561.85, en við það söluverð eru kröfur stefnanda miðaðar, en jöfnuður reiknings þessa er byggður á vörutalningu lagersins í árslok 1951, og er hann þar talinn á smá-söluverði $\div 20\%$ afskrift, að viðbættu kostnaðarverði innkeypts efnis síðar og að fráðregnum inn komnum peningum fyrir selt efni af lagernum.

Taldi vitnið vörutalninguna 1951, sem var framkvæmd af stefnda, vera þá einu, sem framkvæmd hafi verið að ósk þess, en síðari vörutalningar hafi farið fram án vitundar og hlutdeildar þess.

Lagður hefur verið fram í málinu reikningur rafmagnsverkstæðis stefnda við stefnanda, dags. 2. janúar 1954, fyrir lagernum, að upphæð kr. 102.561.85, samþykktur af stefnda.

Þá hefur verið lögð fram í málinu viðurkenning, undirrituð af stefnda, dags. 18. maí 1955, þar sem stefndi lýsir því yfir, að viðskiptareikningar hans við stefnanda, sem hann hafði móttakið fyrir reikningsárið 1954, séu réttir. Hefur stefndi viðurkennt að hafa undirritað yfirlýsingu þessa, en kveðst ekki vita, hvenær það var, ekki muna, að hann hafi gert það, en kveðst búast við, að hann hafi undirritað hana á dagsetningardegi hennar, en þá hafi hann verið ölvaður og haldið sig vera að undirrita kvittun vegna annarra viðskipta, og kveðst stefndi hafa neytt áfengis með vitninu, sem hafi veitt áfengi við þetta tækifæri.

Þessu hefur vitnið neitað eindregið, kveður sig ekki hafa neytt áfengis með stefnda þenna dag og kveðst ekki hafa getað merkt það, að stefndi hafi verið undir áfengisáhrifum, þá hann undirritaði viðurkenninguna.

Lögmaður stefnda mótmælti framburði vitnisins sem röngum og vilhóllum og auk þess óstaðfestum.

Lögmaður stefnanda krafðist þess, að vitnið yrði látið staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti.

Lögmaður stefnda mótmælti því, að vitninu yrði heimilað að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti.

Lögmaður stefnda reisti mótmæli sín gegn því, að vitninu yrði heimiluð staðfesting framburðar síns fyrir dómi, á því, að það hafi verið framkvæmdastjóri Kaupfélags Austur-Skagfirðinga á

þeim tíma, sem þau viðskipti urðu, sem mál þetta snýst um. Hafi það því borið og beri sem fyrrverandi framkvæmdastjóri Kaupfélags Austur-Skagfirðinga siðferðilega og fjárhagslega ábyrgð á umræddum viðskiptum.

Lögmaður stefnanda byggir kröfu sína á því, að vitnið hafi látið af störfum sem framkvæmdastjóri Kaupfélags Austur-Skagfirðinga fyrir meira en ári síðan, og beri það því hvorki siðferðilega né fjárhagslega ábyrgð á viðskiptum þess, né að það sé svo við mál þetta riðið, að synja beri, að það staðfesti vitnaskýrslu sína fyrir dómi.

Þótt ljóst sé af því, sem komið hefur fram í máli þessu, að fyrrgreint vitni hefur komið fram sem framkvæmdastjóri Kaupfélags Austur-Skagfirðinga við kaup þau, sem málið er risið af, verður ekki talið, að vitnið sé svo við málið riðið, að staðfesting vitnaskýrslu þess geti talizt varhugaverð, sbr. 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936, enda er ekki sýnt fram á, að vitnið hafi hagsmuna að gæta í sambandi við málið eða úrslit þess. Er og ekki sýnt, að annarra vitna sé kostur um þau atriði, er vitnið kveður kaupin byggð á.

Vitni þessu verður því heimilað að staðfesta framburð sinn í máli þessu frá 25. september s.l. með eiði eða drengskaparheiti.

Því úrskurðast:

Vitninu Kristjáni Hallssyni er heimilt að staðfesta framan-
greindan framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti,
